




# Tröllabörn

Tröllabörn / Tröllabollar. Friðlýst sem náttúruvætti árið 1983.

Tröllabörnin eru tíu talsins og fyrna gömul, eða um 4.500 ára. Á máli jarðfræðinnar nefnast þau hraundrýli (hornitos).


Hraundrýli myndast þegar gas streymir út um rásir við eldgíga og í hraungöngum og rífur með sér klepra sem hlaðast upp í litlar strýtur eða drýli. Drýli eru einkum algeng í eldstöðvum af dyngjugerð, en dyngjur gjósa ávallt þunnfljótandi hraunkviku sem jafnan rennur í göngum og myndar helluhraun.

Tröllabörn tilheyra Leitahrauni sem kom upp úr Leitum, stórum dyngjugíg austan undir Bláfjöllum. Frá Leitum runnu hraun í sjó fram bæði við Reykjavík (Elliðavog) og Þorlákshöfn fyrir um 4.500 árum. Í Leitahrauni eru margir hellar og hraunöng og hafa Tröllabörnin myndast þegar gosgufur brutust upp í gegnum þak á slíkum helli eða göngum.




## 1. Gas í hraungöngum

Rennandi hraun í göngum myndar og flytur með sér gas sem leitar upp í gegnum op í lofti hraunganganna.



## 2. Gas streymir út um stækkandi opi

Með ört stækkandi opi eykst útstreymið á gasinu og krafturinn verður slíkur að það rífur með sér þunnfljótandi hraunkviku úr göngunum og hleður henni upp hringinn í kringum opið á helluhrauninu.



## 3. Hraunið storknar, hraundrýli hefur myndast

Við storknun hraunsins falla gangnaloft gjarnan niður og rjúfa hraungöngin í sundur. Eftir sitja hraundrýli á borð við þau sem Tröllabörn eru.

